

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

368. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 25.11.2016, kl.13:00.

Mættir:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Halldór Auðar Svansson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Guðmundur Geirdal, Sturla Þorsteinsson og Rósa Guðbjartsdóttir. boðaði forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Níu mánaða rekstraryfirlit SORPU bs.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir 9 mánaða óendurskoðað rekstraruppgjör SORPU bs. Framkvæmdastjóri kynnir einnig samanburð rekstrar og áætlunar fyrir sama tímabil. Rekstrarniðurstaða er jákvæð um rúmlega 229 milljón að teknu tilliti til fjármagnsliða. Rekstrarniðurstaða endurvinnslustöðvanna er hins vegar gjöld umfram tekjur upp á rétt tæpar 150 milljónir og stefnir því í að halli á rekstri endurvinnslustöðvanna verði um 200 milljónir.

2. Nýjar forsendur rekstraráætlunar 2017.

Lagt fram bréf fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar þar sem fram koma nýjar forsendur verðlagspróunar ársins 2016 og 2017, byggða á nýjum spám Hagstofu Íslands. Lögð fram minnisblöð framkvæmdastjóra og rekstrarstóra endurvinnslustöðva dagsett 24.11.16 er varðar forsendubreytingar. Málið rætt.

3. Staða í tilraunaverkefni Seltjarnarnesbæjar og SORPU bs.


Framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur fara yfir stöðu málsins að loknum 6 mánuðum. Lagt fram minnisblað er varðar Tilraunaverkefni um plastsöfnun á Seltjarnarnesi_áfangaskýrsla sem dagsett er í nóvember 2016.

4. Gjaldskrá fyrir móttöku á plasti og plastumbúðum

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað um gjaldskrárflokka fyrir plast þar sem lagt er til eftirfarandi sem taki gildi 1.1.2017.

Gjaldflokkur 14012 Blanda af umbúðum úr mjúku og hörðu plasti verði aflagður. Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra.

Númer	Texti	Ber úrvinnslugjald?	Gjaldskrá án vsk
14027	Blanda af umbúðum úr mjúku og hörðu plasti og plast sem ekki ber úrvinnslugjald Umbúðir sem bera úrvinnslugjald að lágmarki 80% t.d. úr grendargámum eða sérsöfnun plastumbúða	0 – 500 kg á mánuði 501 – 1.000 kg á mánuði 1.001 kg á mánuði og meira	-15,00 -20,00 -25,00
14028	Blanda af umbúðum úr mjúku og hörðu plasti og plast sem ekki ber úrvinnslugjald Umbúðir sem bera úrvinnslugjald að lágmarki 20%	Að hluta	6,00
14013	Plast sem ekki ber úrvinnslugjald T.d.húsgögn, leikföng, rör, einangrun osfrv.	Nei	24,35



5. Erindi Gámaþjónustunnar hf. vegna plastsöfnunar Kópavogsbæjar

Lagt fram bréf framkvæmdastjóra Gámaþjónustunnar vegna áhrifa plastsöfnunar Kópavogsbæjar á söfnun plasts í grenndargámakerfi SORPU. Guðmundur Geirdal vísar af fundi undir þessum lið. Stjórn lýsir áhyggjum af áhrifum málsins á önnur sveitarfélög en Kópavog og áhrif á rekstur SORPU bs. og óskar eftir að eigendafundur taki afstöðu til málsins samanber bókun stjórnar á stjórnarfundi 14. október 2016.

Bjarni Álfþórsson fer af fundi.

6. Viðræður við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. og vinna við verðmat.

Frestað til næsta fundar.

7. Erindi Sorpstöðvar suðurlands bs. um framlengingu samnings.

Lagt fram erindi Sorpstöðvar suðurlands bs. um framlengingu á samningi aðila um móttöku á úrgangi. Frestað til næsta fundar.

8. Niðurstaða kærunefndar útboðsmála í máli BTA/Biotec gegn SORPU vegna niðurstöðu útboðs tæknilausnar gas- og jarðgerðarstöðvar

Kynnt niðurstaða kærunefndar útboðsmála í máli BTA/Biotec vegna útboðs á tæknilausn gas- og jarðgerðarstöðvar. Niðurstaða kærunefndar er að hafna kröfum kæranda.

9. Formleg undirritun á samningi við Aikan A/S um tæknilausn gas- og jarðgerðarstöðvar.

Framkvæmdastjóri kynnir að formleg undirritun samninga við Aikan A/S fari fram fimmtudaginn 8. desember kl. 14:00 og fer athöfnin fram að Korpúlfsstöðum. Öllum bæjarstjórum og borgarstjóra hefur verið boðið að taka þátt.

10. Fundur samráðsnefndar sorpsamlaganna á suðvesturlandi

Frestað til næsta fundar.

11. Svansvottun á metanframleiðslu SORPU

Framkvæmdastjóri greinir frá því að metanframleiðsla SORPU hafi á haustráðstefnu norræna svansins fengið vottun svansins. Metan er eina eldsneytið sem fæst á Íslandi sem er svansvottað.

12. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar SORPU verður föstudaginn 16. desember kl. 12:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 15:15

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir

Stúlka Ástas Svansson
Kolbrún Gu. Þorsteinsdóttir
Guðrún Þorsteinsdóttir
Blunda Þorsteinsdóttir
Katrín Ástas
Bjarni Álfþórsson